

FUNDARGERÐ

2. fundur í stjórn FÍSOS 15. Nóvember 2011 í Bókasafninu á Akranesi

Mættir: Sigríður Melrós Ólafsdóttir, formaður, Bergsveinn Þórsson, Hildur A. Gunnarsdóttir, Jón Allansson og Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir sem ritaði fundargerð.

Á símafundi voru: Arndís Bergsdóttir og Haraldur Þór Egilsson.

Formaður setti fundinn. Fundargerð síðasta fundar dreift. H.P.E. benti á varðandi 8. lið fundargerðarinnar að búið er að ákveða um upphæðir úr safnasjóði. Fundargerð samþykkt.

Dagskrá:

1. Varðandi umsókn til mennta- og menningarmálaráðuneytis: Fundað hefur verið stíft á Facebook-síðu stjórnar en það liggur mikið á að klára umsókn til ráðuneytisins – þar sem umsóknarfrestur rennur út 2. desember n.k. Lagt var fram umsóknareyðublað ráðuneytisins. Rætt var um hvernig umsóknin ætti að vera; hvort sækja ætti um styrkt til launagreiðslu framkvæmdastjóra og/eða rekstur skrifstofu. Álveðið að setja upp grófan ramma um umsókn og fá tíma hjá Eiríki Þorlákssyni sem sér um mál safna í ráðuneytinu til að fá upplýsingar um málið hjá þeim. Í framhaldinu var lauslega rætt um hvar skrifstofa FÍSOS ætti að vera staðsett.
2. Heimasíða: Gera heimasíðu FÍSOS aðgengilegri og þannig að áhugasamir gætu sótt um að gerast meðlimir FÍSOS í gegnum heimasíðu. Umsóknirnar ætti að berast til ritara sem fer með þær á stjórnarfund. Samþykktar umsóknir berist svo gjaldkera. Einnig rætt um að allir meðlimir FÍSOS ættu að geta sótt um að vera á póstlistanum og gætu þá sótt um það á heimasíðunni. Samþykkt að fara í átak til að fá söfnin í landinu til að gerast félagar í FÍSOS.
3. Inntaka nýrra félaga: Samþykkt var umsókn frá Gljúfrasteini. Einnig samþykkt að veita safnafræðinemum í HÍ og nemum í hagnýtri menningarmiðlum, HÍ fría aðild að FÍSOS í 2 ár.
4. Önnur mál: Formaður las upp bréf frá Elfu Hlín varðandi myndbandsupptöku á fyrirlesturum á farskólanum varðandi hvort greiða eigi gjald fyrir þá þjónustu og hvernig beri að standa að þessum þætti á komandi farskólum, bæði varðandi greiðslu til þess aðila sem tekur að sér að taka upp og samþykkt fyrirlesara fyrir upptökunum og hvernig þær verða nýttar. Gjaldkera falið að ræða við þann aðila sem sá um upptökur á farskólanum í Skagafirði í haust.

Formaður greindi frá starfi nefndar sem skoða hvaða söfn koma til greina varðandi tilnefningu til Safnaverðlaunanna á næsta ári.

ÞP ræddi um að stjórn FÍSOS þyrfti að koma með tillögur að skipulagi námskeiðsins sem áætlað er að halda með Safnafræðideildinni í HÍ í mars n.k.

Fundi slitið. Samþykkt að næsti fundur verði haldinn í Grasagarðinum í Laugardal.

